

Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur
um vinnustundir ríkislögmanns vegna dómsmáls gegn ÁTVR.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað voru unnar margar vinnustundir hjá ríkislögmanni fyrir hönd Áfengis- og tóbaks-
verslunar ríkisins (ÁTVR) vegna máls sem lauk með dómi Hæstaréttar nr. 19/2024 sem kveð-
inn var upp 4. desember 2024?*

Samkvæmt upplýsingum sem var aflað frá ríkislögmanni er ekki haldið utan um skráningu
á vinnustundum starfsmanna hans með þessum hætti varðandi einstök dómsmál sem þeir hafa
með höndum. Upplýsingarnar liggja því ekki fyrir.